

Þjóðmál

Ég á mig sjálf



**KRISTÍN
ÁSTGEIRS-
DÓTTIR**
ÞINGKONA
SKRIFAR


Það er sérkennileg tilfinning að hafa nú sagt skilið við samtök sem ég átti þátt í að stofna og móta, samtök sem hafa meira og minna stjórnad lífi mínu undanfarin 15 ár og hafa gefið mér mikil og margvísleg tækifæri í störfum og stjórnámálum. Það kann að vera að margir egi ríft með að skilja þau miklu átök sem átt hafa sér stað innan Kvinnalistsans undanfarin ár. Þau átök rista svo djúpt að þær konur sem átt hafa mestan þátt í starfi hans og stefnumótun um árabíl kjósa nú að fara aðra leið í kvinnabaráttunni og segja skilið við Kvinnalistan.

Andófsafl

Kvinnalistan var á sínum tíma stofnaður sem andófsafl gegn ríkjandi flokkakerfi. Við vildum stokka upp spilin, koma nýjum áherslum inn í stjórnámálaumræðuna og beita óhefðbundnum aðferðum til að auka hlut kvenna. Við vildum koma að vinnubrögðum sem byggðust á jafnræði allra, þar sem ekki væri verið að traðka á neinum og sem flestir kæmst að. Að mínum dómi hefur starf Kvinnalistsans skilað miklum árangri. Konum hefur fjölgað svo um munar á Alþingi og í sveitarstjórnunum þótt betur þurfi að gera. Málefni sem snerta konur sérstaklega hafa verið á dagskrá allan þennan tíma og okkur tókst að nálgast ýmis málefni með nýstárlegum hætti svo sem umræðuna um ernaðarbrótið, að ekki sé minnst á það mál sem á eftir að verða mál málanna á næstu öld, umhverfismálin. Allt hefur þetta skilað árangri.

Ekki hægri, ekki vinstri

Frá upphafi reyndu ýmsir gömlu flokkanna að nálgast okkur og bjóða upp á samstarf enda sáu þeir að innan Kvinnalistsans var kraftur og nýsköpun sem þeir vildu gjarnan ná til sín. Við svörðum því til að við værum hreyfing kvenna úr ýmsum áttum með ýmsar skoðanir sem hefðu komið sér saman um ákveðinn grundvöll í kvinnabaráttu. Slík hreyfing hefur ekki og verður ekki flokkuð til vinstri eða hægri og hefur ekkert meira að gera með félagshyggju en einstaklingshyggju, svo sem sjá má af rúmlega 200 ára sögu skipulagðrar kvinnabaráttu í Evrópu og Ameríku. Kvinnabaráttan hefur mörg andlit eins og einu sinni var sagt og einstaklingarnir geta haft mismunandi áherslur í sökn sinni til kvenfrelsis. Ég hygg t.d. að sá sem færir ofan í minn málflutning á undanförmum árum kæmist ekki hjá því að sjá að ég hef talað máli samþinglar, samvinnu og félagslegrar aðstoðar, auk þess að hafa stutt verkalyðshreyfinguna dyggilega í baráttu hennar við núverandi



Kristín Ástgeirsdóttir þingkona sagði skilið við þingflokki Kvinnalistsans í upphafi þingfundar í dag í kjölfar þess að landsfundur listans ákvað að ganga til víðræðna við A-flokkana um hugsanlegt samstarf.

ríkisstjórn. Allt slíkt var einu sinni flokkað sem félagshyggja, en ég verð að viðurkenna í ljósi reynslunnar að ég veit ekki hvað það hugtak þýðir lengur. Stóllur mínar hafa ekki alltaf verið sam-mála mínum málflutningi og ég ekki þeim, en við látið gott heita vegna kvinnabaráttunnar. Mitt megin hlutverk hefur fyrst og fremst verið það að sinna kvinnabaráttunni og tala máli kvenna og til þess var ég kosin.

Stefnubreyting

Nú hafa þau tífundi gerst að meiri hluti fulltrúa á landsfundi Kvinnalistsans samþykktu stefnubreytingu sem felur í sér að í stað þess að Kvinnalistan sé hin óræða þriðja vídd íslenskra stjórnámála skuli nú haldið til víðræðna við A-flokkana um málefnagrundvöll fyrir alþingiskosningarnar 1999. Þar með

Margir hafa spurt hvers vegna ekki væri hægt að biða þar til niðurstöður liggja fyrir í þeim víðræðum sem framundan eru. Ég svara því þannig að ég gerði upp við gamla flokkakerfið og hugmyndir marxismans fyrir 15 árum.

hefur verið ákveðið að stilla Kvinnalistanum sem heild upp við hlið þessarra tveggja flokka.

Ég er andvíg þessari stefnubreytingu og hún gengur þvert á þann grundvöll sem við höfum beðið kjósendur að styðja. Ég hef ekki trú á því að samkrull Alþýðuflokks, Alþýðubandalags, Kvinnalista og óháðra verði það stjórnámálaafli sem íslenskt samfélag þarf á að halda. Fortíð þessara gömlu flokka er stráð verkum engan annan kost og gera lítið úr málefnaágreiningi, þótt umræður um málefni hafi engar verið, hvað þá vinnubrögð. Aðferðin er öll með þeim hætti að það er efritt að sætta sig við hana.

Biða?

Margir hafa spurt hvers vegna ekki væri hægt að biða þar til

niðurstöður liggja fyrir í þeim víðræðum sem framundan eru. Ég svara því þannig að ég gerði upp við gamla flokkakerfið og hugmyndir marxismans fyrir 15 árum og hef ekki áhuga á því að snúa til baka nema þar verði miklar breytingar í vinnubrögðum og áherslum. Ég fæ ekki séð að verið sé að boða neinar spennandi hugmyndir sem horfa til framtíðar, hvað þá að búa sig undir þær miklu breytingar sem framundan eru, þótt ég vilji alls ekki gera lítið úr þeim hugmyndum sem t.d. einstaklingar hafa sett fram. Ég hef ekki orðið vör við að það væri raunverulegur skilningur á því hvað felst í lakari félagslegri stöðu kvenna og hvaða breytingar hún kallar á. Ég sé ekki að kröfur kvenna um sjálfstæði og frelsi til að velja séu yfirleitt á dagskrá eða að vilji sé til raunverulegra breytinga nema því sem snýr að stjórnkerfinu og samþykkt hefur verið hjá flestum þeim alþjóðastofnunum sem við erum aðilar að.

Nýtt afl

Ef málið snérist um það að móta nýtt afl sem horfi til framtíðar og legði megináherslu á umhverfisvernd, jöfnuð, réttlæti, raunverulegt lýðræði og kvenfrelsi horfið málið öðruvísi við. Það gerir það bara ekki. Heftubundnir flokkar með allar sínar miðstjórnir, flokksstjórnir og hvað þetta nú heitir allt saman ætla að mæta til leiks og búa til málamiðlun sem þeir ásamt hinum óháðu og hluta Kvinnalistsans geta fallist á. Mér finnst þetta hvorki trúverðugt né spennandi. Fyrst og síðast verð ég þó að standa við þær hugsjónir og þann boðskap sem ég hef flutt kjósendum Kvinnalistsans og það ætla ég mér að gera, hvað sem framtíðin ber í skauti.

Klofningur á herrans ári

Ég efast ekki um að þær málefnavíðræður sem framundan eru á milli A-flokkanna og annarra munu skila einhverjum árangri og óska fyrrum stöllum mínum alls hins besta í þeim, en umræðan öll er þegar orðin dýrkeypt. Sagan er enn að endurtaka sig. Allar þær tilraunir sem hingað til hafa verið gerðar til að sameina svokölluðu félagshyggjuöfl hafa endað með klofningi. Hann er þegar orðinn á því herrans ári 1997 og að þessu sinni er það hinn sögulegi Kvinnalisti sem greiðir gjaldið. Það hafa verið gerð söguleg mistök, sem verða ekki aftur tekin, en mér finnst rétt að láta þær sem vilja halda inn á einhverjar óskilgreindar vinstri brautir um að bera ábyrgð á því sem út kann að koma. Kvinnabaráttan mun halda áfram og nú bíður það okkar sem ætlum okkur út fyrir veggj stofnananna að nýju að finna leiðir sem skila konum enn einu skrefinu í átt til jöfnuðar og kvenfrelsis.